

ur. Svo greiði hún og áfrýjanda í málskostnað 60 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikua frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 31/1903:

Filippus Filippusson
gegn

Jóni landritara Magnússyni f.
h. sjálfs hans og erfingja
Benedikts heitins Sveinssonar
sýslumanns.

D ó m u r:

Hinn 21. júlí f. á. lét stefndi, landritari Jón Magnússon, sem eigandi Blikastaða í Mosfellssveit og sem umbodsmaður erfingja Benedikts heitins sýslumanns Sveinssonar, eiganda jarðanna Korpúlfsstaða, Keldna, Grafar og Kálfakots í sömu sveit, hlutadeigandi fógeta lýsa lögbanni fyrir áfrýjandanum, Filippusi bónda Filippussyni, eiganda Gufuness, gegn því, að hann veiddi eða leyfði öðrum að veiða í Korpúlfsstaðaá fyrir landi nefndra jarða. Til staðfestingar fógetaþanni þessu höfðaði síðan stefndi mál þetta fyrir gestarétti Gullbringu og Kjósarsýslu gegn áfrýjandanum, og var það dæmt þar 19. jan. þ. á. með þeim úrslitum, að lögbannið skyldi óraskað standa meðan áfrý-

jandi ekki færði fullar sönnur á eða fengi dóm fyrir því, að hann ætti veiðirétt í nefndri á fyrir landi umgetinna jarða. Svo skyldi áfrýjandinn og greiða stefnda 40 krónur í málskostnað.

Dómi þessum ásamt úrskurði, er upp var kveðinn í gestaréttinum 29. okt. f. á., og þar sem hrundið var kröfu áfrýjanda um frávisun málsins frá gestaréttinum, hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 22. júní þ. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að hinum áfrýjanda úrskurði veiði hrundið og breytt þannig, að málinu verði vísað frá gestaréttinum, en dómurinn og öll meðferð málsins dæmd ómerk, en til vara, að dóminum verði breytt þannig, að fógetabannið verði með öllu úr gildi felt og áfrýjandi verði sýknaður af kærum og kröfum stefnda, og loks, að stefndi, hvernig sem málinu lýkur, verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum að skaðlausu, eða eftir réttarins mati. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Kröfu sína um frávisun málsins frá gestaréttinum og um ómerking málsmeðferðarinnar í heild sinni byggir áfrýjandinn á því, að málinu hafi verið stefnt ólöglega fyrir gestarétt, þar sem þrætan í málinu sé um það, hvort áfrýjandi eigi tilkall til veiði í Korpúlfsstaðaá, og sé málið því um ítaksrétt í jörðum þeim, er stefndi hefir umboð fyrir eða eignarheimild á, en slík mál sé landamerkjadómur einn bær að dæma samkvæmt lög-

um 17. marz 1882. Hinn stefndi hefir að vísu ekki heldur neitað því, að fullnaðarúrskurður um veiðiréttinn, hvorum hann beri, heyri undir landamerkjadóm, en hann heldur því fram, að þar sem jarðir þær, er hann hefir umráð yfir, eigi eftir almennum reglum veiðina í ánni, þar sem þær eiga land að henni, þá eigi það að vera nægilegt til að verja veiðirétt þeirra árásum annara, að leggja á fógetabann, og eigi stefndi sem eigandi og umráðamaður jarðanna heimting á að njóta með fullum rétti eignarhalds síns á veiðinni, unz áfrýjandinn hafi sannað eignarrétt sinn að henni. Samkvæmt þessari skoðun sinni einskorðaði og stefndi kröfu sína fyrir gestaréttinum um staðfesting lögbannsins svo, að það yrði látið gilda þangað til áfrýjandinn hefði fært fullar sönnur á, og fengið dóm fyrir, að hann ætti veiðirétt fyrir landi jarðanna.

Eins og fyr hefir verið tekið fram, var áfrýjandanum með lögbanninu fyrirboðið að veiða eða leyfa ördum að veiða í Korpúlfsstaðaá. Þetta skilyrðislausu bann gegn veiði af áfrýjanda hálfu í nefndri á var stefndi skyldur samkvæmt lögum (N. L. 1—19—22, sbr. 1—19—20) að fá staðfest með dómi, og það auðvitað fyrir dómstóli, sem var bær um að taka til álita og úrskurðar allar varnir þær, er áfrýjandinn gat framfært, meintum rétti sínum til stuðnings, en það var að eins merkjadómur, slíkur sem landamerkjalögin 17. marz 1882 fyrirskipa, sbr. einkum 3. og 7. gr. laga þessara.

Þessarar skyldu sinnar sem lögbanns-krefjanda hefir stefndi eigi gætt, er hann höfðaði staðfestingarmál þetta fyrir gestarétti, sem eigi var bær að dæma í réttarprætu þeirri, er var tilefnið til lögbannsins, og lögmæti bannsins var undir komið, hvernig úr yrði skorið, — en stefndi gat eigi, með því að byrja málið með lögbanni, breytt edli þess, og leyst það undan þeim málssóknarreglum, sem fyrirskipaðar eru um ítaksmál. —

Það ber samkvæmt þessu að taka til greina kröfu áfrýjanda um frávísun máls þessa frá gestaréttinum og ómerkingu hins áfrýjaða dóms. Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, er þykir hæfilega metinn 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera ómerkur og vísast málinu frá gestaréttinum. Stefndi Jón landritari Magnússon greiði áfrýjandanum Filippusi bónda Filippussyni í málskostnað 40 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.